

Trúarbrögð – Búddatrú 31. mars 2016

Svo virðist sem Búddadýrkendur séu undir sömu sök seldir og fylgjendur Krists, Ásaþórs og Múhammeds, hvað grimmd áhrærir. Við ættum að vera góð hvert við annað, var niðurstaða hins mikla spámanns, Búdda. Svo mælti einnig Jesús Kristur og gott ef ekki Múhammed hinn herskái hafi látið svipuð orð falla um gæsku hinna rétttrúuðu. En, en! "Sýni fólk ekki samhug í stríði, er það glæpur einn," segir kennimaður nokkur Búddatrúar. Og Búddatrúmenn hafa víða barist. En mér er það hulin ráðgáta, hvernig höggva má mann og annan og sýna þeim samhug í gjörningnum. Þess er varla kostur. Sé svo, hlýtur stríð að vera glæpur - eða hvað - í skilningi Búddatrúarmanna? Hver eru hin raunverulegu trúarbrögð friðarins? Þekkir þau einhver?

http://buddhism.about.com/od/basicbuddhistteachings/a/war.htm?utm_source=facebook&utm_medium=social&utm_campaign=shareurlbuttons